

Skýrsla stjórnar á aðalfundi, 4. júní 2009

Hörður Sigurgestsson

Góðir fundarmenn!

Ég leyfi mér að setja aðalfund Landskerfis bókasafna fyrir árið 2009 og býð ykkur velkomin til þessa aðalfundar.

Ég legg til að Gunnar Sturluson hrl. verði kjörinn fundarstjóri. Ef ekki eru aðrar tillögur, þá er hann réttkjörinn og tekur við stjórn fundarins.

Skýrsla stjórnar

Landskerfi bókasafna hf. var stofnað í nóvember 2001. Þetta er áttundi aðalfundur félagsins, en síðasti aðalfundur var haldinn 30. maí 2008. Rekstur félagsins er samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélaganna í landinu. Tilgangur félagsins er að reka framsækið og öflugt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn á Íslandi. Rétt er að rifja upp að kerfið okkar heitir Aleph 500, og er í eigu ísraelska fyrirtækisins Ex Libris, en heitir svo Gegnir í okkar útgáfu. Þýðingarmiklir áfangar hafa náðst á þessum fyrstu árum. Rekstur kerfisins er í góðu horfi. Það hefur verið endurnýjað með nýjum útgáfum annað hvort ár, þekking stjórnenda og starfsfólks hefur styrkst og sjálfstraust aukist, og tengslin við framleiðanda Aleph, Ex Libris, orðið gagnvirkari.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa á síðustu tveimur árum lagt áherslu á að meta hvert skuli stefna. Hver er þróunin í nýjum lausnum fyrir bókasöfn? Vaxandi kröfur eru um öflugar leitarvélar, sjálfsafgreiðslu af ýmsu tagi, og jafnframt að skapa

möguleika á að senda notendum upplýsingar án þess að spurt sé hverju sinni, - svonefnda árveknipjónustu. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir á þessum vettvangi var fenginn þýskur ráðgjafi, Dr. Karl Wilhelm Neubauer, til að aðstoða við að rýna fram í tímann og leggja á ráðin um hvert ætti að stefna. Meginniðurstaða skoðunar hans og stjórnar Landskerfisins var, að Landskerfi bókasafna ætti að leggja áherslu á að þróa hugmyndir um öfluga leitarvél sem hentaði til notkunar hér á landi. Vitað er, að það getum við gert á eigin spýtur, en skoðun leiddi í ljós að styttri leið og öflugri til árangurs, væri að ganga til samstarfs við Konunglega bókasafnið og Danska Tækniháskólann í Kaupmannahöfn um að skapa íslenska leitarvél á grunni danskrar leitarvélar sem þeir hafa rekið síðastliðin tvö ár. Samtarf um að fara þessa leið var ljúflega boðið af þessum rótgrónu dönsku stofnunum. Var ákveðið með samningi við Dani að kanna möguleika á að innleiða samþætta leitargátt fyrir Ísland. Þetta forgreiningarverkefni um samþætta leitarvél á Íslandi var fjármagnað af Landskerfi bókasafna, Borgarbókasafni Reykjavíkur og Landsbókasafni – Háskólabókasafni Íslands. Einnig fékkst styrkur til verkefnisins frá menntamálaráðuneyti á grunni áætlunarinnar Netríkið Ísland, sem endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar í upplýsingamálum. Haft hefur verið í huga við þessa forgreiningarvinnu að samþætta leitarvél fyrir Ísland mætti í framtíðinni nota fyrir minja- og listasöfn, skjalasöfn, önnur gagnasöfn auk bókasafna. Það væri megin viðfangsefni íslenskrar samþættrar leitarvélar að gera Gegni og aðra íslenska gagnagrunna, ásamt Landsaðgangi aðgengileg á einum stað.

Forgreiningarverkefnið snéri að því að skoða fýsileika þess að nota sama líkan og Konunglega bókasafnið gerir fyrir uppsetningu á samþættri leitargátt. Konunglega bókasafnið keyrir samþætta leitarvél, Primo, frá Ex Libris. Inn í þessa leitarvél er margvíslegur safnkostur tengdur. Rafræn greinasöfn, kostuð af safninu, eru

síðan tengd inn í leitarvélina, en utanumhald þeirra liggur hjá Danska tækniháskólanum. Sá hefur byggt upp öflugan gagnagrunn, DADS (Digital Article Database Service), sem samanstendur af gögnum frá útgefendum rafrænna tímarita. Þegar búið er að tengja áskriftirnar með þessu hætti inn í Primo, verða þær leitarbærar með sama hætti og önnur gögn. Þar sem Primo er indexeruð leitarvél eru leitarheimtur mjög hraðar. Hún byggir á hliðstæðri tækni og leitarvélar eins og Google. Þegar leitarheimtur rafrænna áskrifta liggja fyrir er heildartexti greinar sóttur með hjálp SFX tenglakerfisins. Primo leitarvélina tekur mið af þeirri miklu tækni- og hugarfarsbyltingu, sem orðið hefur með notkun internetsins á síðustu árum. Gagnvirkni af ýmsu tagi, og samþætting upplýsinga, er þar orðin ráðandi þáttur. Í þessu sambandi má nefna árveknipjónustur, möguleika til þess að setja inn athugasemdir um safnkost til upplýsingar fyrir aðra notendur, ábendingar um efni, sem aðrir notendur mæla með, myndræna framsetningu safnkosts s.s. með birtingu bókakápa auk samþættingar við gögn af ýmsu tagi. Margt af þessu er þekkt úr gagnaveitum á netinu, til að mynda Amazon.

Gengið var frá samningum um forgreiningarverkefni síðastliðið sumar og á haustdögum var haldinn undirbúningsfundur á Íslandi með Dönunum, erlendum ráðgjafa og fjölmörgum fulltrúum Gegnissafna, Landsaðgangs, auk fulltrúa frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Íslenskri Tónverkamiðstöð. Á fundinum voru lögð drög að því að koma upp frumgerð (prototype) að Samþættri leitarvél, sem innihéldi gögn úr eftirtöldum gagnagrunnum: Gegni, timarit.is, fornum Íslandskortum og Sagnaneti Landsbókasafns auk ljósmynda frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, upplýsinga um tónskáld frá Íslenskri tónverkamiðstöð til viðbótar rafrænum tímaritaáskriftum Landsaðgangs hvar.is og nokkrum séráskriftum stofnana. Félag íslenskra bókaútgefenda lét okkur í té myndir af íslenskum bókakápum til auðgunar

Gegnissögnum. Forgreiningarverkefninu er lokið og geri ég grein fyrir niðurstöðum þess í lok máls míns.

Annað stórt verkefni á starfsárinu var innleiðing útgáfu 18 af Aleph kerfinu á sumarmánuðum 2008. Það verkefni var unnið með dyggum stuðningi aðildarsafna Gegnis, sem komu að undirbúningi með margvíslegum hætti. Endurbætt vefviðmót Gegnis, nýr gegnir.is var tekinn í notkun á sama tíma og útgáfa 18. Nýja vefviðmótið hefur mælst vel fyrir hjá söfnum og viðskiptavinum þeirra. Vefurinn gegnir.is er vottaður af fyrirtækinu Sjá efh. fyrir forgang 2, en í því felst, að hann stenst kröfur um aðgengi fyrir fatlaða til samræmis við alþjóðlega staðla og stefnu íslenskra stjórnvalda um opinbera vefi. Útgáfa 18 og nýr gegnir.is voru kynnt bókasöfnum með fjölmörgum námskeiðum, sem stóðu langt frameftir hausti 2008. Dæmi um breytingu með útgáfu 18 var t.d. breytt verklag við skráningu í Gegni, sem starfsmenn Landskerfis og Landsbókasafns-Háskólabókasafns eyddu drjúgum tíma í.

Ýmiss gæðamál Gegnis voru í brennidepli á starfsárinu. Þar má nefna verkefni sem tekur til nafnmyndastjórnunar og kerfiskeyrslna. Tölfræðiúrvinnsla bókfræðigagna hófst að hausti og lofar góðu. Verkefnið verður einnig fyrirferðarmikið á starfsárinu 2009.

Sem lið í því að efla Gegni, og bæta þjónustu við aðildarsöfn var boðið upp á nýja möguleika til færsluveiða úr erlendum gagnagrunnum s.s Linda í Finnlandi, Libris í Svíþjóð og Library of Congress í Bandaríkjunum. Þessar færsluveiðar koma til viðbótar við möguleika til færsluveiða úr OCLC, og eru að kostnaðarlausu fyrir söfnin. Hefur þetta mælst vel fyrir, og er stefnt að því að bjóða upp á færsluveiðar úr fleiri gagnagrunnum í framtíðinni.

Með innleiðingu SFX Express tenglakerfisins, sem er hluti af kerfislausnum Ex Libris, hefur leit að rafrænum greinum og tímaritum verið einfölduð fyrir notendur

bókasafna. Ex Libris hefur nýlega boðið félaginu upp á uppfærslu úr SFX Express í SFX Classic, sem er öflugri útgáfa af SFX. Meginástæðan er sú, að Ex Libris hefur ákveðið að hætta sölu á SFX Express.

Aefli, sem er félag notenda Gegnis, gætir hagsmuna notenda kerfisins. Samskipti við félagið voru góð á árinu. Meðal annars átti stjórn Landskerfis bókasafna samráðsfund með stjórn Aleflis, þar sem farið var yfir núverandi verkefni Landskerfis bókasafna og þau sem eru framundan.

Skráningarráð starfar á vegum Landskerfis bókasafna, og setur verklagsreglur um bókfræðilega skráningu og hefur eftirlit með gæðum skráningar. Einnig starfar jafnframt Efnisorðaráð tímabundið á vegum Landskerfis bókasafna, sem hefur með höndum samræmda efnisorðaskráningu í Gegni. Unnið hefur verið að því að endurskoða gamla efnisorðaskrá, sem hentaði betur notendum Gegnis. Lokaskýrsla um verkefnið liggur fyrir.

Í lok apríl þessa árs voru tæplega 922 þúsund titlar skráðir í Gegni, en tæplega 4,5 milljónir eintaka. Á sama tíma fyrir ári síðan námu titlar í kerfinu um 883 þúsundum en eintakafjöldi var þá innan við 4,2, milljónir eintaka. Útlán í aprílmánuði voru tæp 305 þúsund en voru um 295 þúsund fyrir ári síðan.

Á árinu 2008 námu rekstrartekjur 85,1 milljónum króna, en fjárhagstekjur voru 12,7 mkr. Heildartekjur voru því 97,8 mkr. Rekstrargjöld námu 87,5 mkr. og var því rekstrartap ársins 2,4 mkr. Árið áður voru heildartekjur 85,2 mkr. Aukning á heildartekjum varð því 12,6 mkr. eða 14,8%. Ljóst er að þessi hækkun á heildartekjum ræðst af miklum fjármagnstekjum í verðbólgu, sem ekki varir.

Rekstrargjöld ársins 2008 hækkuðu úr 72,3 mkr. í 87,5 mkr. Tveir flokkar kostnaðar skáru sig úr vegna hækkana. Laun hækkuði 18,4% í heild. Stöðum fjölgaði um hálf og voru fimm á árinu. Laun á ársverk hækkuðu því um 6,6%. Hinn liðurinn,

annar rekstrarkostnaður, hækkaði um 5,7 mkr., úr 8,9 mkr. í 14,7 mkr. eða um 64%. Það stafar af því, að á árinu var hafin vinna við könnun á gerð samþættar leitarvélar fyrir bókasöfnin. Hluti af þeim kostnaði mun fást endurgreiddur.

Afkoma reyndist betri, en áætlað var. Gert var ráð fyrir að hagnaður yrði um 1,0 mkr.. Betri afkoma markast af af verulegum fjármagnstekjum þetta árið, sem munu dragast saman á þessu ári. Allar tekjur félagsins af þjónustusamningum eru nú verðtryggðar. Í rekstraráætlun þessa árs er gert ráð fyrir 1,3 mkr. hagnaði. Eigið fé nam í árslok 107,0 mkr og hækkaði, sem nam hagnaðinum.

Í upphafi rekstrar félagsins var ákveðið að afskrifa kostnaðinn við kaup á kerfinu og uppsetningu þess á átta árum. Í aðalatriðum var haldið við þá stefnu, að allur upphaflegi stofnkostnaðurinn vinnist til baka á þessum átta árum. Fyrir tveimur árum var ákveðið að lengja afskriftatímann á því sem eftir var á grunni tíu ára. Af þessum tíu árum eru þrjú ár eftir. Hugmyndin var að hægt væri að endurnýja búnaðinn á tímabilinu eða að loknu því. Til þess hefur enn ekki komið, en það skýrir á efnahagsreikningi liðinn handbært fé að upphæð 80.2 mkr. Sú upphæð er til ráðstöfunar, þegar þar að kemur, til endurnýjunar eða nýrra áfanga.

Fjöldi hluthafa félagsins var 51 í árslok, og hafði staðið í stað á árinu. Í lok árs áttu tveir hluthafar, eins og áður, yfir 10% hlut í félaginu. Er hlutur íslenska ríkisins 52%, en Reykjavíkurborgar 20,5%.

Þegar stafræna byltingin hélt innreið sína á bókasöfnum var hugað að því að gera safnkostinn aðgengilegan á rafrænu formi. Gegnir varð til, hafin var stafræn endurgerð íslenskra tímarita, tímaritaáskriftir færðust frá pappír yfir í rafræn greinasöfn ofrv. Þessi verkefni eru tímafrek og standa enn yfir. Nú er hafið annað tímaskeið stafrænu byltingarinnar. Þar er áherslan lögð á margvíslega úrvinnslu gagnanna s.s. samþættingu þeirra við önnur gögn sem til eru frá margvíslegum

aðilum, jafnt erlendum sem innlendum. Jafnframt er unnið hörðum höndum að því að gera gögnin sem aðgengilegust notendum s.s. með því að gera leitir hraðvirkari og skilvirkari, og með því að leyfa notendum að vinna með gögnin með margvíslegum hætti. Gagnahirslur bókasafna innihalda marga gersemina, sem fleiri mættu vita af. Þar eru margir duldir fjársjóðir. Þegar samþætt leitarvél er tengd við gagnahirslurnar, ljúkast fjársjóðakisturnar upp og verða aðgengilegar landsmönnum og raunar heiminum öllum.

Það er skoðun stjórnar Landskerfis bókasafna að næsta forgangsverkefni Landskerfisins sé að koma upp samþættri leitarvél fyrir Ísland. Það er einnig skoðun stjórnar Landskerfisins að niðurstaða úr forgreiningarverkefninu með dönsku aðilunum sé jákvæð og framar vonum, og stefna beri að því að semja við dönsku samstarfsaðilana, um að koma upp samþættri íslenskri leitarvél í samstarfi við Ex Libris. Í slíkri leitargátt yrðu meginstoðirnar Gegnir og Landsaðgangur hvar.is, en einnig sköpuðust möguleikar á að koma öðru fjölbreyttu efni inn í gáttina líkt og getið hefur verið um.

Konunglega bókasafnið og Danski tækniháskólann hafa lýst yfir eindregnum vilja til þess að leggja sitt af mörkum þannig að hægt verði að halda verkefninu áfram. Verkið er tæknilega framkvæmanlegt og liður í því að söfn á Íslandi þróist í takt við tímann. Stofnkostnaður liggur fyrir en hann nemur á núverandi gengi um 50 milljónum króna. Verið er að gera drög að rekstraráætlun og viðskiptalíkani og leita leiða til þess að fjármagna reksturinn. Fyrstu tölur gera ráð fyrir, að rekstarkostnaður muni nema árlega um 22 milljónum króna, sem er hærri upphæð en núverandi rekstrargrundvöllur ræður við. Óhjákvæmilegt er, að þessi upphæð komi með einhverjum hætti frá notendum kerfisins. Nú er það verkefni forráðamanna Landskerfi

bókasafna að kanna alla möguleika til þess að gera samþætta íslenska leitarvél að raunveruleika.

Góðir fundarmenn!

Ég vil þakka hluthöfum fyrir samstarf og stuðning. Ég vil þakka starfsmönnum fyrirtækisins fyrir drjúgt starf, og sömuleiðis þeim mörgu samstarfsmönnum, sem á söfnum vinna. Ég færi Alefli þakkir fyrir samstarfið. Stjórnarfundir voru þrettán. Ég vil þakka samstjórnarmönnum mínum uppbyggilegt og skemmtilegt samstarf.

Takk fyrir.